

**A**

„Vanþroska börn hafa fullan rétt á að umgangast  
algefin börn í daglegu lífi manna, og það gerir þeim  
síðarnefndu engan skaða ”

*Sesselja Hreindís Sigmundsdóttir*

**B**

Sesselja Hreindís Sigmundsdóttir fæddist 1902 í Hafnar-  
firði, ólst upp í stórrí fjölskyldu, elst átta barna og dó 1974  
í Reykjavík. Hún stundaði nám erlendis og var fyrsti  
Íslendingurinn sem lærði um umönnun þroskaheftra.

**C**

Hún sætti mikilli gagnrýni yfirvalda fyrir að hafa ófötluð  
og fötluð börn á sömu stofnun. Þau töldu að „heilbrigð  
börn gætu borið andlegt og líkamlegt tjón af umgengni við  
fávítana.“ Auk þess olli áhersla hennar á grænmetisfæði  
gagnrýni og hneykslun.

**D**

9. Júní 1945 svipti barnaverndarráð Sesselju réttindunum  
til að veita Sólheimum forstöðu, en hún náði að fá þann  
úrskurð ógildan. Í dag þykir Sesselja hafa verið mikill  
frumkvöðull í umönnun þroskaheftra á Íslandi.

